**Bæjarstjórn Reykjanesbæjar**
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 27. september 2022
*Mál nr. 2022090531*

**Efni: Langtímabílastæði í Reykjanesbæ**

**Tillaga**

Undirritaður leggur til að bæjarstjórn Reykjanesbæjar feli skipulagsfulltrúa, í samráði við umhverfis- og skipulagsráð, að kanna hvort og þá hvar megi útbúa eitt eða fleiri svæði fyrir langtímabílastæði í Reykjanesbæ eða næsta nágrenni hans.

**Greinargerð**

Um Keflavíkurflugvöll fara nær allir ferðamenn sem koma til landsins. Mikill meirihluti allra bílaleigubíla er á einhverjum tímapunkti í eða við Leifsstöð. Að auki bjóða nokkur fyrirtæki upp á geymslu bíla á meðan íbúar landsins fara utan. Þetta veldur því að mjög mikið er af bílum geymdir í skemmri eða lengri tíma víðs vegar í eða í nágrenni Reykjanesbæjar. Má þar nefna á lóðum í Helguvík, á afmörkuðum svæðum á Ásbrú, á bílastæðum við íþróttasvæði o.s.frv.

Undirritaður telur tímabært að skoðað verði vel hvort útbúa megi afgirt langtímabílastæði á hentugum stað, utan þéttbýlis, sem einkaaðilar gætu svo séð um að vakta og reka.

Kjartan Már Kjartansson
bæjarstjóri